



Launasumma hefur dregist saman – en misjafnlega eftir greinum

Launasumman, staðgreiðsluskyld laun allra á vinnumarkaði, hækkaði um 0,3% milli ára í janúar. Launavísitalan hækkaði um 10,3% á sama tíma þannig að heildarlaunatekjur landsmanna hækkuðu alls ekki í sama mæli og t.d. föst mánaðarlaun á þessum tíma. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% á þessum tíma þannig að launasumman hefur lækkað töluvert að raungildi. Eins og gildir jafnan um heildartölur og meðaltöl er mjög mismunandi þróun á bak við þessa tölur.


Sé litið á þróun launasummunnar innan fimm atvinnugreina á milli janúarmánaða 2020 og 2021 kemur alls ekki á óvart að ferðaþjónustan hefur mjög mikla sérstöðu. Launasumman í einkennandi greinum ferðaþjónustu lækkaði um næstum helming á milli ára. Á hinum endanum eru opinber stjórnsýsla (með fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu) og sjávarútvegur (veiðar og vinnsla saman) með 16% og 24% aukningu launasummu milli ára.

Hér er um bráðabirgðatölur að ræða og því mögulegt að tölur fyrir grein eins og sjávarútveg eigi eftir að breytast. Sé t.d. skoðað hver þróunin hefur verið á milli meðaltals síðustu þriggja mánaða (nóv., des. og jan) milli ára kemur í ljós að munurinn milli þeirrar stærðar og breytinga milli janúarmánaða er sérstaklega mikill í sjávarútvegi. Fjármála- og váttryggingastarfsemi og heild- og smásöluverslun eru með 4-5% hækkun launasummu milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,3% á þessum tíma þannig að launasumman er nær óbreytt að raungildi í þeim greinum.

Fjöldi sem fær staðgreiðsluskyld laun


Þeim sem fengu staðgreiðsluskyldar greiðslur í janúar 2021 fækkaði um 6,9% milli ára. Það er mun minna en sem nam minnkun launasummunnar í heild sem bendir til þess að tekjulægra fólk hafi í meira mæli horfið af vinnumarkaði en það sem hafði hærri tekjur.

Breyting launasummu milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Breyting á fjölda einstaklinga sem fékk staðgreiðsluskyldar greiðslur, jan. '20 - '21



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Myndin fyrir ferðaþjónustuna er sú sama, en þar hefur þeim sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur fækkað um 48%, sem er svipað og nam minnkun launasummunar í greininni. Af þessum greinum er það einungis í opinberri stjórnsýslu sem launafólki fjölgar.

Þróun yfir lengri tíma




Sé litið yfir lengri tíma má sjá mjög mismunandi þróun innan þessara fimm greina. Sé litið á þróun launasummu að nafnverði frá 2015 má sjá að heild- og smásala annarsvegar og opinber stjórnsýsla hinsvegar fylgjast nokkuð vel að allt fram til 2019, en þar skilur á milli. Opinbera stjórnsýslan hækkar meira en áður á meðan verslunin lækkar. Það er líka athyglisvert hvernig fjármála- og váttryggingastarfsemin og ferðaþjónustan enda á sama stað miðað við 2015, en leiðin er mjög mismunandi. Launasumma ferðaþjónustunnar stækkar um tæp 70% milli 2015 og 2018, lækkar töluvert á árinu 2019 og snarlækkar á árinu 2020. Fjármálaþjónustan siglir hins vegar tiltölulega lygnan sjó. Þróunin í sjávarútvegi er svo töluvert frábrugðin því sem gerist í öðrum greinum.

Fjöldi launafólks

Þróun á fjölda þeirra sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur sýnir svipaða mynd sé litið á meðaltöl ára. Þeim sem fá staðgreiðsluskyldar greiðslur á vinnumarkaðnum öllum fjölgaði um 7,6% á tímabilinu, en þróunin innan einstakra greina var mismunandi. Nær stöðug fjölgun hefur verið í opinberri stjórnsýslu og var launafólk þar um 15% fjölmennara en var 2015. Ferðaþjónustan og fjármálastarfsemin enda aftur á sama stað miðað við upphafspunkt með tæplega 10% fækkun á tímabilinu. Leiðin á milli punktanna var hins vegar mjög mismunandi þar sem launafólk í ferðaþjónustu var tæplega 40% fleira 2018 en 2015 og fækkaði síðan mjög mikið. Nokkur fækkun varð í heild- og smásöluverslun í fyrra og sjávarútvegurinn virðist sigla kúrs sem er nokkuð óháður þróuninni í öðrum greinum.

Launagreiðendum hefur fjölgað

Launagreiðendum fjölgaði í öllum greinum á þessu tímabili, nema í sjávarútvegi. Það vekur athygli að





launagreiðendum hefur fjölgað í fjármálaþjónustu þrátt fyrir að launþegum hafi fækkað um 10%. Það getur bent til fjölgunar smærri fyrirtækja í greininni. Þrátt fyrir hremmingar í ferðaþjónustu var fjölgun launagreiðenda mest í þeirri grein á milli 2015 og 2020.

Mikið að gerast

Ef til vill sýna þessar tölur að hagræðing sé einna mest í sjávarútvegi og fjármála- og váttryggingastarfsemi. Opinber stjórnsýsla hefur vaxið mest á tímabilinu og saga ferðaþjónustunnar er nokkuð ljós með risi og falli. Heild- og smásala hefur siglt nokkuð lygnan sjó.

Ferill þessara greina hvað launasummu og fjölda launafólks varðar er ótrúlega mismunandi og kannski er heildarmyndin sú að það sé langt frá því að stöðnun ríki í íslensku atvinnulífi – þvert á móti.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.